



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. janúar 2026

Málsnúmer: 202511-0048

BK/OKV

Efni: Ferðapjónusta við Holtsós undir Eyjafjöllum - Umhverfismatsskýrsla

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 20. nóvember 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu vegna ferðapjónustu við Holtsós undir Eyjafjöllum. Fyrirhugað er að byggja þar 200 herbergja hótél við Þjóðveg 1, 120 herbergja hótél með baðlóni og 100 gistiskála. Einnig er gert ráð fyrir fastri búsetu starfsmanna í núverandi byggingum á svæðinu. Við Þjóðveginn verður sett upp fjölorkustöð ásamt verslunar- og þjónusturými. Heildarfjöldi gistirúma er áætlaður um 1.040. Þá mun framkvæmdinni fylgja umtalsverð vegagerð, samtals um 4,6 km á lengd. Skipulagssvæðið liggur sunnan Suðurlandsvegar og austan Holtsóss undir Eyjafjöllum og er 107,6 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um málið á fyrri stigum, nú síðast um [matsáætlun](#) þann 29. nóvember 2024, og gerir eftirfarandi athugasemdir við umhverfismatsskýrsluna:

Valkostir

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun kom fram að æskilegt væri að settur væri fram valkostur til samanburðar sem myndi fela í sér hóflegri uppbyggingu sem bundin væri við austanvert framkvæmdasvæðið en við því hefur ekki hefur verið brugðist.

Í skýrslunni er í kafla 2.6 minnst á valkost 2 sem er lýst á eftirfarandi hátt:

„Valkostur 2 felur í sér að öll uppbygging við Þjóðveg 1 verði þjappað saman og liggi nær núverandi húsakostum. Öll mannvirki verða í 200 metra fjarlægð frá ósunum. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi gistirúma verði sá sami.“

Valkostinum er ekki lýst frekar né borinn saman við aðalvalkostinn. Þá er heldur ekki gerð fyllilega grein fyrir samanburði milli aðalvalkostar og núllkostar, sbr:

„Núllkostur er sá valkostur að ekki verði ráðist í framkvæmd á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Ekki er sérstaklega gerður samanburður á umhverfisáhrifum fyrir þann kost en gera má ráð fyrir að fyrirhugað framkvæmdarsvæði haldi þá áfram að þróast út frá náttúrulegum breytingum.“

Þó kemur eftirfarandi fram fyrr í skýrslunni:

„Við mat á áhrifum framkvæmda verður aðalvalkostur borinn saman við núllkost.“



Gróður

Samkvæmt lýsingu úttektaðila er land vel gróið og mikið votlendi á svæðinu enda liggur landið lágt og er blautt þrátt fyrir framræslu. Vistgerðir votlendis hafa flestar mjög hátt verndargildi en samfelld votlendi nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Uppbygging mannvirkja á slíku landi mun valda varanlegri skerðingu á votlendi með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á búsvæði plantna og dýra og kolefnisbindingu vistgerða. Á tímum loftslagsbreytinga er sérstaklega mikilvægt að taka tillit til votlendis.

Á svæðinu fundust einnig tvær æðplöntutegundir sem eru friðaðar. Önnur þeirra, mýramaðra, er mjög sjaldgæf tegund hér á landi og er í *bráðri hættu* (CR) á valista Náttúrufræðistofnunar. Hún var áður aðeins skráð í Hraunshverfi í Flóa. Samkvæmt lýsingu úttektaðila vex mýramaðra á umtalsverðu svæði í mýrlendinu við Holtsós. Hér er því um nýjan og mikilvægan fundarstað að ræða. Tegundin er friðuð skv. auglýsingu um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021, þar sem markmiðið er að „vernda og viðhalda fágætum æðplöntum“ og „stuðla að því að tegundirnar geti þrífist og fjölgað sér án íhlutunar og í friði frá neikvæðum áhrifum mannsins“. Framkvæmdaraðili metur sem svo að áhrif framkvæmdarinnar á tegundina verði óveruleg þar sem fundarstöðum tegundarinnar verði hlíft, þeir merktir og girtir af. Að mati Náttúrufræðistofnunar stenst sú niðurstaða varla skoðun. Afar líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni ganga gegn markmiðum með auglýsingu um friðun plantna þar sem uppbygging við fundarstaði tegundarinnar mun brjóta upp búsvæði hennar og hefta útbreiðslumöguleika. Svo umfangsmikilli uppbyggingu, sem fyrirhuguð er á búsvæði tegundarinnar, getur jafnframt fylgt ófyrirséð áhrif, bein eða óbein, sem geta haft neikvæð áhrif á plönturnar eða búsvæðið.

Ljóst er að framkvæmdasvæðið við Holtsós hefur að geyma bæði vistgerðir með mjög hátt verndargildi og æðplöntutegundir sem eru friðaðar og á valista, þar á meðal tegund sem einungis finnst á einum öðrum stað á landinu. Verndargildi gróðurs á svæðinu er því mjög hátt.

Fuglar

Vettvangsrannsóknir staðfestu einnig að mikið og fjölbreytt fuglalíf er á þessum slóðum. Við athugun að vori komu t.d. í eitt skiptið a.m.k. 2000 heiðagæsir á Holtsós til að náttu sig. Einnig er þekkt að mikill fjöldi grágæsa nýtir svæðið. Holtsós er því mikilvægur gæsum sem og fleiri tegundum fugla, enda er svæðið ásamt Dyrhólaós, einu leirurnar/leirulónin á stóru landsvæði.

Í lýsingu á aðferðum kemur fram að við talningar á mófuglum hafi allir fuglar sem sáust verið skráðir og fjarlægð í þá mæld. Sé svo að einungis hafi verið skráðir þeir fuglar sem sáust eru niðurstöðurnar ekki fyllilega sambærilegar við þær sem gefnar eru upp í fjölrítnu *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*¹ en við þær athuganir var einnig stuðst mikið við hljóð enda getur verið torvelt að koma auga á minni tegundir sérstaklega. Engu að síður benda niðurstöður athugana á framkvæmdasvæðinu til þess að þéttleiki mófugla sé mikill og að þar sé einnig að finna varp ýmissa vatnafugla.

Til mófugla teljast einkum vaðfuglar en flestar vaðfuglategundir sem hér verpa teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands vegna þess hve hátt hlutfall stofna þeirra nýta Ísland til varps. Þrátt fyrir stóra

¹ Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 55. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf



stofna eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á Íslandi, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast.² Fyrir utan beint búsvæðatap sem uppbygging getur haft í för með sér, forðast líka margar tegundir vaðfugla ýmis mannvirki sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er minni nær slíku en fjær.^{3,4}

Þar sem vaðfuglar verpa dreift í fjölbreyttum búsvæðum ná skilgreind *Mikilvæg fuglasvæði* alls ekki utan um öll svæði sem eru þeim mikilvæg. Vegna stórra og dreifðra stofna er enn fremur ólíklegt að stakar framkvæmdir hafi áhrif á stofnstigi og því þarf að horfa til samlegðaráhrifa. Allar líkur eru á því að síaukið búsvæðatap muni leiða til fækkunar í stofnum vaðfugla en nú þegar eru merki um slíkt, sérstaklega á Suðurlandi þar sem breytingar á landnotkun eru hvað hraðastar.⁵

Náttúrufræðistofnun hefur á undanförnum misserum fengið á sitt borð nokkurn fjölda mála sem varða uppbyggingu vegna ferðapjónustu og/eða frístundabyggða innan sveitarfélagsins Rangárpings eystra, meðal annars á a.m.k. sjö svæðum í grennd við Markarfljót. Nýlegustu dæmin eru tvö aðskilin verkefni austan Markarfljóts þar sem fyrirhuguð er gisting fyrir samtals rúmlega 400 gesti auk húsnæðis fyrir starfsfólk.

Í ljósi áðurnefndrar fækkunar eru nú fimm af sjö algengustu tegundum vaðfugla hérlandis metnar vera í *nokkurri hættu* (VU) á nýuppfærðum valista fugla.⁶ Því er mjög mikilvægt að við ákvarðanir um uppbyggingaráform sem fela í sér risk að tekið sé ríkt tillit til búsvæða vaðfugla og helst forðast risk á vaðfuglaríkum svæðum.

Í því sambandi skal bent á að Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum um verndun lífríkis og þar ber hæst Samningur Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity), Bernarsamningurinn um verndun tegunda og vistgerða í Evrópu og AEWA-samningurinn um farfugla. Með aðild sinni hefur Ísland skuldbundið sig að tryggja verndun tegunda og búsvæða og er afar brýnt að sveitarfélög hugi að þessum skuldbindingum við skipulag landnotkunar.

Þá þarf að taka tillit til þess að langflestar tegundir fugla eru friðaðar á varptíma og tekur sú friðun einnig til eggja og hreiðra þeirra (Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum). Að þessu þarf að huga við framkvæmdir og forðast jarðrisk á varptíma.

Niðurstaða umhverfismatsskýrslunnar fyrir fuglalíf er sú að áhrifin verði talvert neikvæð á framkvæmdatíma og nokkuð neikvæð á rekstartíma. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé teljanlegur munur á milli framkvæmda- og rekstartíma í þessu tilfelli. Um er að ræða varanlegt búsvæðatap með tilheyrandi neikvæðum jaðaráhrifum á margar tegundir og aukna truflun á

² Tómas Grétar Gunnarsson. (2020). Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. *Náttúrufræðingurinn*, 90(2–3), 145–162.

³ Pálsdóttir, A. E., Alves, J. A., Gill, J. A., Pálsson, S., Méndez, V. og Gunnarsson, T. G. 2024. Introduction of summer houses into semi-natural habitats: impacts on ground-nesting birds. *Animal Conservation*, 27(5), 648–658. <https://doi.org/10.1111/acv.12938>

⁴ Pálsdóttir, A. E., Gill, J. A., Alves, J. A., Pálsson, S., Méndez, V., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. 2025. Effect of low-traffic roads on abundance of ground-nesting birds in sub-Arctic habitats. *Journal of Avian Biology*, 2025(6), e03572.

⁵ Pálsdóttir, A. E., Þórisson, B., & Gunnarsson, T. G. (2025). Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, 1-13.

⁶ <https://www.natt.is/is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla-2025>



rekstartíma á svæði þar sem væntanlega er mjög litill umferð fólks í dag. Því ætti niðurstaðan fyrir fugla einfaldlega að vera talsvert neikvæð áhrif.

Samantekt

Athuganir á vettvangi hafa nú staðfest að framkvæmdinni muni fylgja talsverð neikvæð áhrif á auðugt lífríki svæðisins og er því ítrekuð afstaða Náttúrufræðistofnunar að umfang framkvæmda verði endurskoðað og uppbyggingu alfarið beint í austurhluta svæðisins nærri fyrirbyggjandi mannvirkjum þar sem minna er um votlendi. Tekið skal fram að þrátt fyrir að dregið hafi verið úr fjölda smáhýsa í skipulagsferlinu eru þau enn dreifð yfir svipað svæði og áður og munu því áfram hafa í för með sér umfangsmikið rask á gróðri og búsvæðum fugla.

Með því að takmarka uppbyggingu við austurhluta svæðisins má draga verulega úr raski á verðmætum vistgerðum og tapi og uppskiptingu á mikilvægum búsvæðum plantna og fugla sem og truflun. Minna umfang á afmarkaðra svæði gæti einnig mögulega dregið úr neikvæðum ásýndaráhrifum framkvæmdanna.

Þá virðist ríkja ákveðin óvissa um það hvernig lausnir í fráveitumálum munu koma til með að virka vegna staðbundinna aðstæðna á svæðinu. Afar mikilvægt er að þar sé stigið varlega til jarðar og gengið tryggilega frá þeim málum svo að ekki stafi af mengunarhætta.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur